

Að flytja slæmar fréttir

María A. Tryggvadóttir



Samtalsrammi

- SPIKE listinn
- S (Scene) = Umhverfi
- P (Perception) = Skilningur
- I (Invitation) = Leyfi
- K (Knowledge) = Þekking
- E (Empathy) = Samhygð





Umhverfi

- Tryggja góða aðstöðu og næði
- Hafa aðstandendur með í samtali ef sjúklingur óskar og í samráði við hann
- Draga úr truflunum (slökkva á síma)
- Hafa annan heilbrigðisstarfmann með í samtalinu


Skilningur

- Hefja samtal með því að **kynna ástæðu/tilgang samtals** t.d. „Við erum hér til þess að ræða og fara yfir...“
- **Kanna skilning og væntingar sjúklings og aðstandenda.** Taka þarf tillit til menningarbundinna þátta, t.d.
- „Hver er skilningur þinn á veikindunum núna?“
- „Hversu miklar upplýsingar viltu fá?“

Leyfi

- Fá leyfi til að gefa upplýsingar, t.d.
- „Er í lagi að við ræðum núna sjúkdómsástandið/niðurstöður rannsókna?“



- 
- **Láta sjúklinginn vita að þú ert að færa honum slæmar fréttir, t.d.**
 - „Ég þarf að færa þér slæmar fréttir“
 - „Þetta er ekki eins og við vonuðum að það væri“
 - **Byrja á jákvæðum þáttum, t.d.**
 - „Ef við byrjum á lungnamyndinni þá kemur hún vel út...“
 - **Tala skýrt og nota nákvæmt orðalag t.d.**
 - „Pabbi þinn fékk hjartaáfall“
 - „Þú ert með krabbamein“



Þekking

Samhygð

- Sýna samhygð þegar sjúklingur/aðstandandi sýnir tilfinningaviðbrögð með því að (NURSE):
- Nefna (Name) – „ég sé að ...“ (nefna tilfinninguna...döpur... virðist kvíðin....)
- Sýna skilning (Understand) — „Ég get ekki ímyndað mér...“
- Sýna virðingu (Respect) – „þú hefur gert allt sem þú hefur getað“
- Veita stuðning – (Support) - „ég mun standa með þér í þessu“
- Kanna frekar – (Explore) – – „segðu mér meira frá...“

Samantekt

- Draga saman samtalið með þeim atriðum sem sjúklingur vill leggja áherslu á
- Ljúka samtalinu með áætlun
- Leggja áherslu á það sem hægt er að gera, t.d. meðferð einkenna

Samskipti um horfur

Það sem ætti að gera:

- Gefa skýrara og heiðarlegar upplýsingar um horfur
- Gefa upplýsingar um horfur á einhverju bili þar sem talað er um óvissu, t.d. "Ég tel að tíminn sem þú átt geti verið einhverjar vikur til nokkrir mánuðir, en tíminn gæti verið styttri eða lengri"
- Nýta þagnir
- Bera kennsl á og ræða tilfinningaleg viðbrögð
- Leggja áherslu á lífsgæði, gildi og áhyggjuefni sjúklings

Það sem ætti EKKI að gera:

- Forðast að svara spurningum sjúklings um horfur
- Gefa óljósar upplýsingar, t.d. „þú er með ólæknandi sjúkdóm“ eða of nákvæmar upplýsingar „þú átt 6 mánuði eftir ólifaða“
- Tala meira en helminginn af tímanum
- Halda áfram að gefa upplýsingar þegar sjúklingur sýnir tilfinningaleg viðbrögð
- Leggja eingöngu áherslu á læknisfræðilega hlið meðferðar